

**Skógrækt ríkisins  
Suðurlandi**

**Ársskýrsla  
1992**

# Ársskýrsla Skógarvarðarins á Suðurlandi 1992.

---

## 1. Veðurfar ársins

Eftir jólaveturinn 1992 með eðlilegum hætti: skiptust á rigningar og él, og verður að kallast snjóléttur.

Vorið all þokkalegt og síðustu dagar maí hlýir. Júnímánuður vætusamur og svalur. Júlí var sæmilegur en þó heldur svalur miðað við venjulegt árferði. Ágúst svalur og vindasamur. Fyrsta frost haustsins kom aðfaranótt 27. ágúst. September samkv. venju. Október heldur hagstæður. Fyrstu snjóar í byrjun nóvember. Desember heldur rysjóttur með talsverðum snjó og skafbyljum.

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

### 2.1. Laufgun og Lauffall:

Laufgun og lauffall hefi ég ekki skráð hjá mér, en tel að það hafi verið á eðlilegum tíma, þ.e um miðjan júní og í byrjun okt.

### 2.2. Vöxtur

Vöxtur var í meðallagi á flestum tegundum. Fura skar sig þó úr með vöxt yfir meðallagi. Hún býr að hýja sumrinu 1991.

### 2.3 Fræfall

Fræfall heldur lítið og litlu safnað. Reynt var að safna birkifræi í Skógum undir Eyjafjöllum, en lítið hafðist út úr krafsinu. Svolítið var safnað í Haukadal af Bæjarstaðakvæmi.

Á Selfossi var safnað svolitlu að Sitkagrenikönglum Port Lock. Í Þjórsárdal voru skoðaðir könglar af Fjallapín Sapinero Col, en þeir reyndust allir tómir.

### 2.4 Skaðar

Skaðar á trjágróðri með minnsta móti þetta árið. Fura er nokkuð búin að jafna sig eftir áföll síðustu ára, en víða á veðurhörðum stöðum er hún hálf kripluð, þar sem sitkagreni stendur sig ágætlega, svo sem á plógstrengjunum við Tungufljót í Haukadal.

Mikill stormur af n-austri geysaði á suðurlandi um hvítasunnuna, og í Skarfanesi í Landsveit fylgdi þessu veðri mikill sandburður. Talsvert af plöntum sem Sigurgeir Þorbjörnsson hafði plantað út á sandinn austan við gróðurtorfurnar, í hlé við vörubretti, kaffærðist í sandi og var ærið verk að moka ofan af þeim.

Skaðar eftir skordýr ekki teljandi nema ranabjalla tekur alltaf toll af lerkiplöntum eftir gróðursetningu. Það mál er í rannsókn.

Sitkalús fannst í fyrsta sinn í Þjórsárdal á haustdögum. Ekki virðist mikið af henni ennþá. Hennar hefur ekki orðið vart í Haukadal ennþá.

Áberandi var að lerki var hálf ræfilslegt þetta sumarið. Bæði var að mikið bar á douglasátu og greinar og toppar því dauðar allvíða, svo og að barr var fölt og ræfilslegt víðast hvar um suðurland. Ástæðuna veit ég ekki, en kenni um kulda og vosbúð, þar til annað kemur í ljós.

### 3. Starfsfólk.

Alls komust 19 manns á launaskrá 1992

Nöfn Starfsmanna:

1. Ásbjörn Sigurðsson	Réttarholti 1	Self
2. Bergur Þór Björnsson	Skriðufelli	Gnúp
3. Björgvin Örn Eggertsson	Laufási 4a	Garðabæ
4. Böðvar Guðmundsson	Sigtún 9	Selfossi
5. Einar Bjarnason	Dalbæ	Vest Skaft
6. Guðm.Á. Böðvarsson	Sigtún 9	Selfossi
7. Guðmundur Jónsson	Réttarholti 3	Selfossi
8. Guðný Birgisdóttir	Álftarima	Selfossi
9. Helgi Kristinn Halldórsson	Lambhaga 28	Selfossi
10. Hreinn Óskarsson	Grænuvellir 3	Selfossi
11. Magnea Bjarnadóttir	Sigtún 9	Selfossi
12. Karen Erlingsdóttir	Vallholt 41	Selfossi
13. Orri Örn Árnason	Sæviðarsund 25	Reykjavík
14. Sigrún Lína Sigurjónsd	Austurbergi 8	Reykjavík
15. Sigurður Óli Kristinsson	Mánavegi 2	Selfossi
16. Sunna Ólafsdóttir	Brekkubæ 2	Reykjavík
18. Þengill Ólafsson	Grashaga 10	Selfossi
19. Friðrik S Þórarinnsson	Gauksrima 21	Selfossi

Þrír menn unnu allt árið, Böðvar, Friðrik og Björgvin sem reyndar var lánaður í Skorradal nóember og desember í jólatré. Hreinn Óskarsson starfaði með okkur jan - sept., en fékk þá inngöngu í landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn.

Ráðskonur voru þær Sunna Ólafsdóttir í Haukadal og Magnea Bjarnadóttir í Þjórsárdal.

Friðrik Sölvi Þórarinnsson gengdi stöðu bílstjóra og viðgerðarmanns ásamt öðru sem til féll.

Hjá okkur voru 2 kanadískir skógræktarstúdentar; Aurnir Nelson og Phillipa Rodriuges, og komu þau 15. ágúst og dvöldu í 2 vikur við ýmis störf í Þjórsárdal og Mosfelli. Þau höfðu áður verið 2 vikur á Hallormstað. Þá var hjá okkur eina viku

frönsk stúlka Anna Thiry frá Niese. Hún hafði áður dvalist hjá Landgræðslunni í Gunnarsholti.

Öllu starfsfólki var gefið frí 4 daga eftir verslunarmannahelgi, frá þriðjudegi til föstudags. Mæstist þetta vel fyrir hjá fólkinu og sparaði stofnuninni peninga.

## 4. Girðingar.

### 4.1. Viðhald:

Girðingar komu vel undan vetri og viðhaldsvinna því í lágmarki.

Klausturgirðing: Renglaður 300 m kafli uppi á heiðinni að vestanverðu. Einar Bjarnason sá um þetta.

Hrífunesgirðing var á sínu fyrsta ári og virtist halda að mestu. Örfáar skjátur voru þarna, en ekki til skaða.

Aðrar girðingar fengu hefðbundið viðhald.

### 4.2. Nýgirðingar.

Engar nýjar girðingar girtar á árinu.

## 5. Skógarhögg.

### 5.1. Viður.

Haustið 1991 var grisjað nokkuð í Þjórsárdal, Sitkagreni og Stafafura. Staurum úr þeirri grisjun var komið fyrir í olfutunnum í skemmuni í Mosfelli þar sem reynt skyldi að fúaverja viðinn. Viðurinn fór ekkert að drekka í sig fúavarnarefnið fyrr en líða tók á vor og fór að hlýna. Ekki leið nema ein klst. frá því viðurinn var höggvinn þar til hann var kominn í fúavarnarlöginn. Viðurinn drakk löginn allvel, eða meðan hann entist, og er hér með afsönnuð sú kenning að greni taki ekki fúavörn. Við misreiknuðum okkur dálítið í þessu öllu, og áður en varði var viðurinn búinn að drekka allt sem var í tunnunum og því fór fúavörnin ekki upp í staurana nema til hálf. Til eru nú um 300 staurar.

### 5.2. Jólatré

Jólatré voru höggvin í Haukadal, Þjórsárdal og Skarfanesi þetta árið. Rauðgreni og fura í Haukadal, fura í Þjórsárdal og fura í Skarfanesi.

Í Haukadal voru höggin eftirfarandi magn jólatrjáa:

Rauðgreni: R3072= 90 stk., R2071= 130 stk, R2081= 45 stk.

Blágreni: R3041= 17 stk.

Stafafura: R2033= 55 stk., R 7022= 22 stk.

alls: 359 stk.

Skrá yfir seld jólatré og dreifingaraðila er að finna á næstu síðu.

Selt var bæði í heildsölu og smásölu. Í heildsölu var selt til:  
Landgræðslusjóðs, Lionsklúbbsins Skyggir Hellu, Kivaniskl.Ölvers  
í Þorlákshöfn, Björgunarsveitarinnar Bjargar á Eyrarbakka og Björgunarsveitarinnar  
Sigurgeirs í Gnúpverjahreppi. Þórey Jónasdóttir á Geysi seldi einnig nokkur tré í  
Biskupstungum.

Á Selfossi var í Skógræktin alfarið með smásöluna á sínum höndum og var sett  
upp sala í húsakynnum stofnunarinnar að Gagnheiði 25.

Þótti Selfyssingum það heldur þægilegt að geta komist undir þak og valið sín  
jólatré. - Fram að þessu hefur nær eingöngu verið verzlað utandyra. Salan fór mjög  
hægt af stað, hvort sem um er að kenna vöndum veðrum sem ekki skorti þessa  
söludaga, eða hvort því var um að kenna að salan var ekki á sama stað og vant er eða í  
miðbænum.

Byrjað var að selja þann 10 des og opið fram á aðfangadag.

Sölutölur hvers dags fylgja hér á eftir

10 - 11 des	1 tré
12 -	27 -
13 -	11 -
14 -	10 -
15 -	3 - Sölutölur smásölu Gagnheiði 25.
16 -	26 -
17 -	30 -
18 -	46 -
19 -	98 -
21 -	90 -
22 -	82 -
23 -	121 -
24 -	8 -

-----  
alls 533 tré af teg Rauðgreni, Stafafuru, Norðmannspín og Blágreni.

Alls voru seld 868 tré hjá Skógrækt ríkisins, Suðurlandi. Þar af 533 tré í sölunni á  
Selfossi og 355 seld í heildsölu.

Salan í rauðgreni varð strax mikil, sem er óvenjulegt. Þinurinn seldist mjög jafnt,  
blágrenið frekar illa enda ljótt. Furan seldist einna síst, en fór að lokum öll, þar sem  
lítið annað var til síðustu 2 dagana. - Auglýsingaherferðin skilaði sér greinilega í  
aukinni sölu rauðgrenis. Þar er um hreina söluaukningu að ræða. Sala í þín álíka og í  
fyrra svo og furu. Heldur lakara í blágreni.

Blágrenið var fengið úr Skorradal að mestu og þinurinn að mestu frá  
Landgræðslusjóði.

Sala jólatrjáa 1992 og dreifing þeirra til söluaðila

Stærðir	Kkl. Ölver		Bsv. Björg		Bsv. Sigurgeir		Lionskl. Skyggnir		Skógrækt ríkisins				Kl. Ár		Landgr sjóður		Seld tré alls						
	Greni	Fura	Greni	Fura	Greni	Fura	Greni	Fura	Greni	Fura	Blágr.	Norðmp.	Greni	Fura	Pinur	Fura	Greni	Greni	Fura	Blágr.	Norðmp.		
0.70-1.00							2	5					4					9	11				
1.00-1.25			2	3	3	4	12	3	50	10	19	33	7	2				133	29	19	33		
1.25-1.50			12	2	6		8	5	75	70	21	71	4	10	4	3	16	15	126	101	21	74	
1.50-1.75			13		3	1	3		45	40	9	13	2	6	2		31		68	78	9	13	
1.75-2.00	3		4		2		2		25	20		8	1	6		13		37	39				
2.00-2.50	1								10	9			3	2	2	12		16	23				
2.50-3.00													2	1	1	1		3	2				
3.00-4.00	1												4										
4.00-5.00	1												4	1									
5.00-6.00	1																						
6.00-7.00	1												2										
7.00-8.00													1										
	8	0	31	5	14	5	25	10	210	149	49	125	19	19	27	6	3	89	30	392	298	49	120
Greinar																				Alls seld 868 tré			
Norðmp.	90		40			20		25	205					270						Alls norðmannsgr. 650 kg.			
Nobilis	10								70											Alls nobilisgreinar 80 kg.			
Cypres									25											Alls Cypresgreinar 25 kg.			
Silkifura									15											Alls Silkifurgreinar 15 kg.			

### 5.3. Grisjun.

#### Haukadalur:

Sagaðar rásir í N.v. hluta R3020. Neðri hluti reita 6184 og 6186.

#### Þjórsárdalur:

Sagaðar rásir í kjarr vestan í Fagurhól r.2446 ca 0,4 ha. Sagað frá vegum í Selhöfðum.

#### Skógar undir Eyjafjöllum:

Unnin voru 5 dagsverk fyrir Skógaskóla, með það fyrir augum að ná svolitlu að eldiviði. Var farið í gegnum flesta reiti í brekkunum nema sjálfsáða birkið á melunum vestantil í girðingunni. Þar er þörf á að fara með kjarrsög í gegnum fljótlega.

#### Þórsmörk:

Björgvin og Hreinn voru 3 daga í Básum í Þórsmörk í júní og unnu þar við grisjun. Unnu einnig sem leiðbeinedur við gróðursetningu og stígagerð á námskeiði sem Rauði Kross Íslands, Landgræðslan og Skógræktin stóðu að ásamt Útivist, en hjá þeim var gist. Námskeiðið í Básum stóð í eina viku og var fyrir unglunga sem kynna vildu sér störf við landgræðslu og skógrækt. Áður höfðu 3 námskeið mið líki sniði verið haldin í Langadal og var þá Ferðafél. Íslands samstarfsaðili.

## 6. Landvinnsla / Jarðvinnsla

### 6.1. Þurrlendisjarðvinnsla

#### Haukadalur:

TTS hefið notað mikið inni á Haukadalsheiði til að vinna land undir lerkigróðursetningar. Einnig notað í lágvöxnu kjarri ofarlega í skóginum undir aðrar tegundir. Hægt er að beita herfinu á allt að meters hátt kjarr með árangri.

Þessir reitir voru teknir fyrir með TTS herfinu: hluti af reitum: 2130, 3079, 6022. Eftirtaldir reitir voru herfaður komplett: 6015b, 0940, 1091, 0944, 7055, 6051

Tætt voru með jarðtætara beð undir skjólbelti í vestur hluta túnanna í Haukadal (R 4606), en þau eru ætluð undir jólatré. Þá var tætt undir skjólbelti framan girðingar í landi Laugar (L 4606). Einnig tætt beð undir prikplöntur utan við starfsmannabústað og í þau plantað smáum blágreniplöntum, sem eiga að fara í túnin sem jólatré eftir 2-3 ár.

#### Mosfell:

Lokið var við að herfa restina af þurrlendinu í Mosf. Fáeinir hektarar voru skildir eftir til að eiga ósnert land, ef okkur dytti í hug einhverjar aðrar jarðvinnsluaðferðir á næstu árum sem áhugavert væri að gera tilraunir með.

Í Mosfelli var einnig gerð tilraun með að brenna land, sem undirbúning og jarðvinnslu undir gróðursetn. Brenndir voru 4 ha. Gífurlegan reyk lagði yfir nágrennið er mosinn brann, og kvörtuðu menn í 5 hreppum um óþægindi í hálsi vegna þessa.

### **Vinna fyrir aðra.**

Allmargir hektarar voru herfaðir fyrir Skógræktarfélag Árnesinga að Snæfoksstöðum. Einnig var herfið lánað til Héraðsskóga á Egilstöðum seinni part árs.

## **6.2. Votlendisjarðvinnsla.**

### **6.2.1. Lokræsing.**

#### **Mosfell:**

Lokræstar voru allar mýrar sem fram að þessu höfðu ekki verið plægðar, og einnig var farið með lokræsaplóginn á milli plógstrengjanna eftir skoska plóginn, á þeim svæðum sem plægð hafa verið á s.l. tveimur árum. Má nú heita að allar mýrar í Mosfelli hafi fengið ræsing. Næsta sumar (93) sker úr um það hvort grafa þurfi meira af skurðum. Verktaki við lokræsinguna: Pálmi Jónsson Sauðárkróki.

### **6.2.2. Landgræðsla / Uppgræðsla**

#### **Þjórsárdalur:**

Grasfræi og áburði hent í mela upp með Eystri-Seljatungnaísl (R 2371). Ætlunin að skapa aðstæður fyrir lerki. Lúpínufræi dreift í börð í Ásólfstaðafjalli frá Illagili í suðri inn að Landbryltingi í Norðri. Birkifræi dreift ofan Seljatungna í reiti 2285 og 2288

Landgræðsla ríkisins dreifði grasfræi og áburði á vikrana í Þjórsárdal eins og undanfarin ár, samkv. samningi.

Vinnuflokkur Landsvirkjunar í Búrfelli safnaði töluverðu af lúpínufræi, sem er til þurkunar í Búrfellsstöð og til notkunar næsta vor. Vinnuflokkur Skógræktarinnar safnaði lúpínubelgjum og dreifði samdægurs í Þórðarholt í Þ.d. fram við Þjórsá. Dreift var efst á holtið þannig að lúpínan á að geta dreift sér niður, ef hún spírar.

#### **Haukadalur:**

Lúpínufræi var sáð vestan til í Skyggfirinn inn undir Haukadalsheiði. Skygnirinn er nánast algjörlega gróðurlaust grjótholt stórgrýtt mjög. Í gamlar grasfræsuppgræðslur á Haukadalsheiði var plantað lerki í tilraunaskyni, til að kanna hvernig það hagar sér við slíkar aðstæður: í talsverðri hæð yfir sjó, við erfið veðurfarsskilyrði, og í ófrjórri jörð. Þessir reitir eru: 2149, 6439 og 2160.



**Skarfaness:**

Sigurgeir Þorbjörnsson vann að uppgræðslu austan við gróðurtorfurnar í Skarfanessi með ýmsum aðferðum. Er hann að rækta víðir, elri, birki ofl. í skjóli við vörubretti.

Landgræðsla Ríkisins sáði nokkru af melfræi norður við Þjórsá, strax austan við Lambhagatorfuna.

**7. Gróðursetning.****Þjórsárdalur**

Tegund	Kvæmi	Aldur	St	Frænr	Fjöldi	
Rauðgr	Tyrol	2/2m	T	Tínt af	120	2438-40
	Kitzbuel			BG.		
Sitkagreni	Tar	2/0fp60	T	880014	500	1023
Sitkagreni	Taraldsöy	2/4m	T	C183	500	1023
Rússalerki	Imatra	2/0fp95	F	900006	8575	2258,2266,2272, 2276,2275,2286, 2285,22883019,
Sitkaölur	Tumastaðir	1/0fp35	T		175	3019,
Grænölur	Múlakot	1/0fp35	T		175	3019
Gráölur	Skotland	80 cm	J.			1023,2204- Frá 50 Jóa.Isl
Stafafura		2/0fp60	T	88001	1830	3019
Alaska ösp	A 250	2/0fp35	T		35	1023A
Alaska ösp	A 275	2/0fp35	T		60	1023B
Stafafura		1/0fp40	M			2272,1926,2142,
			ö		3918	2146,2254,2345, 2413P,2414
Birki	Rv.o.fl.	1/0fp67	T		4018	3019,3020,3028, 3030
Birki		1/0fp95	T		4000	3019

**23.956****Skarfaness:**

Sitkaölur	Tumastaðir	1/0fp35	T		70	Sigurgeir
Grænölur	Múlakot	1/0fp35	T		70	Sigurgeir
Stafafura	Taraldsöy	1/0fp67	M	910018	11675	
Blágreni	Rio Grande	2/0fp60	M	890022	780	
Rússalerki	Karkola	1/0fp67	M	910019	1206	

**13.801**

<b>Laugarvatn</b>	<b>Kvæmi</b>	<b>aldur</b>	<b>St</b>	<b>Frænr.</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Reitanúmer</b>
Stafafura		1/0fp40	M		400	Ættin.
					<b>400</b>	

#### Haukadalur.

<b>Tegund</b>	<b>Kvæmi</b>	<b>aldur</b>	<b>St</b>	<b>Frænr</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Reitanúmer</b>
Al.Víðir	S-1.Yakutat	2/0 br	T		1000	4606,L4606,4510
Al.Víðir	Brúnn	2/0 br	T		250	4606,L4606
Stafafura	(Skagway)	1/0fp40	M		660	6022, 7014.
Stafafura	Taraldsöy	2/0fo60	T	88001	690	6015B, 7014
Blágreni	Río Grande	2/0fp60	M	890022	19980	0939, 10100, 10100B, 3079, 3080B, 00A,00B 6025. selt:1298.
Rússalerki	Hausjervi	1/0fo67	M	910020	24700	0939, 10100A, 10100B 2148, 6451B, 6451C, 6451D, 6452 A.
Rússalerki	Karkola	1/0fp67	M	910019	20380	2149, 6439, 6452A, 6452B, 6452C, 10100B 6022, 7014.
Rússalerki	Imatra	2/0fp95	T	900006	665	2160.
				<b>alls</b>	<b>68.325</b>	

Kvæmin Hausjervi og Karkola sem komu frá Mógilsá reyndust hálfgerðir varðræðagemlingar. Bæði voru kvæmin 1/0 plöntur og reyndust mjög lausar í rôtarkögglinum. Brugðið var á það ráð að gefa þeim áburðarvatn þar sem þær stóðu í Haukadal og frestað að planta þeim um hálfan mánuð. Það reyndist nóg til að rótin festi sig kögglinum. - Þetta er ekki nógu gott, og virðist sem haustþroski róta sé ekki nógu mikill. E.t.v. er lausnin á þessu að skyggja plönturnar á haustin við nógu mikinn hita þannig að þær geti felld barr og myndað haustrætur á eðlilegan hátt. Plöntur eiga að vera tilbúnar til gróðursetningar þegar þær eru afhentar úr gróðrarstöð.

Gerð var tilraun með að planta lerki í lítt gróið land á Haukadalsheiði, bæði í gamlar áburðarrákir eftir flugvél Landgræðslunnar svo í sjálfgróið land. Er þetta í reitum 2160, 6439, og 2149. Sjá einnig 6.2.2. Uppgræðsla.

**Mosfell:**

Tegund	Kvæmi	aldur	St	fræn.	fjöldi	reitanúmer
Rússalerki	Karkola	1/0fp67	M	910019	86040	
Plantað í reiti:						
241,242, ,243,244ab,245,246,247,248,249ab,250b,270a,466abcd,467ab,468,469abc,0470a,387 b,472,473,474,476,481,483,484,485,486,487,488ab, 489,490,491,492,493,494,503,504,505,506,507,508,509,510,511,512,513, 514,515,516,517,518,519,520ab,521,522,523,524a,525,526,527,528,529, 530,531,532,533,534ab,535,536,537,538,539,540,541,542,543,544ab,545ab 546,547,548,549,550,551,552,553,554ab,555,556ab,557ab,558ab,559,560,						

Sett í aðra hverja hreifsrás eftir TTS, þá röð er veit að Laugarv.

561,562,563ab,564,565ab,566,567,568,569ab,570,571abcd,572,573abc,  
574ab,575ab,576ac,578 hluti,464 hluti,465 hluti,461b hluti:sjá kort.

Í Haukadal fóru 490 plöntur. Seldar til félags Síamanna í Út-Ey 1920 plöntur.  
**Alls 86040 plöntur.**

Rússalerki	Imatra	2/0fp95	T	900006	10260	380,388a,389,387a  390,391a,392ab,393 394ab,395ab,396ab, 397,398,399,400, 401,402,403c,404, 404,405,429b,svo og 3 syðstu herfingarnar (6 raðir)í 465,461b. Haukad: 665.
Alaskaösp	A494	4 mán.	T		350	297c
Al.Ösp	A521	4 mán.	T		280	297f
Al.Ösp	A565 Böðvína 2	4 mán.	T		175	297a
Al.Ösp	A564 Böðvína 1	4 mán	T		350	297e
Al. Ösp	A563 Karí	4,mán.	T		735	297d
Al. Ösp	A517	4 mán.	T		175	297b
Al.Ösp	C 14	4 mán.	T		4095	309c
Al. Ösp.	C 10 Iðunn	4 mán.	T		7630	309a,309,d Fél.Síamam.350

Al. Ösp	C 10 Fræplönt.	4 mán.	T	12635	309b,297g,580a, 580b,582,583,475, 477,471a,471b,480, 481,482.
Al. Ösp	C 10 Brekkan	4 mán.	T	14770	309a:Pl.beggja vegna hvers plógfars.
				<b>Alls</b>	<b>137.495</b>
Alls plantað á vegum Suðurlandsdeildar: Vinnuflokkur				243.977	
				Skarfanessmenn	13.801
				<b>Alls</b>	<b>257.778</b>

**Úttekt á Gróðursetningum í Mosfelli:** Í September var gerð úttekt á gróðursetningum þeim sem fram hafa farið í Mosfelli fram að þessu eða frá 1989 - 1991. Aðalsteinn Sigurgeirsson á Mógilsá stjórnaði verkinu en úttektarmenn voru: Björgvin og Böðvar frá D81, Hrafn frá Tumastöðum, Aðalsteinn, Daði, Þórður og Karl ásamt Dönskum dela sem Ágúst í Skorradal sendi. - - Niðurstöður úttektar: hér vísast til væntanlegrar skýrslu Aðalsteins um þetta efni.

#### Skarð Gnúpv.hr. (Fasteignir Ríkissjóðs)

Teg	Kvæmi	aldur	st	Frænr	Fjöldi	Reitur
Rússalerki	Imatra	2/0fp95	T	90000	10800	
				6		
Rússalerki	Imatra	2/0fp35	Fv		1425	
				alls:	12225	

### 8.Hirðing plantna.

#### 8.1.1.Þjórsárdalur.

##### Frásögun

-----

Sagað var frá í reitum 2438-43 vestan í Fagurhól. Byrjað var á reit 2236 frá braut og til norðurs.

##### Áburðargjöf

-----

#### 8.1.2. Haukadalur

##### Frásögun

-----

Sagað frá í R 6050 (stafaf/blágr.). Sunnan vegar á Langamel. Klippið var frá í eftirtöldum rauðgrenireitum: 6082, 6075, 6077. Rauðgreni þessu var plantað 1986.

### *Áburðargjöf*

-----

Áburður á unglöntureiti: Græðir 3: 7060, 7061, 7062, 7063, 7066, 7058, 7057, 7053, 7048a, 7045, 7046, 7051, 6401, 6402,

Áburður á jólatrjáareiti: Græðir 3: 2071 = 400 kg, 2124 = 700 kg.

### *Úðun með Round up*

-----

Reitirnir 2010, 2130, 1091, 0940, 0944, 0943, úðaðir komplett.

Neðri hluti reitsins 6290.

Efri hluti reitanna: 6184, 6186, 1091, 0943, 10100b, 0940, 0944.

## **8.1.3. Skarfanes**

### *Frásögun*

-----

Svolítið var sagað frá furu í Lambhaga um leið og jólatré voru höggvin. Ekki var þetta neitt markvisst heldur gripið niður þar sem menn voru staddir hverju sinni. Einnig sagað frá veginum næst árbakkanum gegnum furureitina frá 1965.

## **8.1.4. Mosfell**

Ekkert var gert í hirðingu plantna í Mosfelli þetta árið, enda hefur engu verið plantað í Mosfelli s.l. ár öðru en lerki, sem ekki þarf áburðargjöf.

## **9. Byggingar.**

### **Haukadalshús:**

Smíðaðar 4 kojur til þess að geta tekið á móti auknum mannskap innanhúss. Áður var oft verið með lausan skúr á hlaðinu til að geta hýst mannskapinn þegar mest var. Fengið að gjöf borð undir sjónvarp og græjur.

### **Hákonarbústaður:**

Grafið frá honum til að koma fyrir drenmöl kringum kofann, og geta komið fyrir öndun gegnum sökkul. Kannað í leiðinni ástand kofans. Það reyndist furðu gott. Lítil fúi. Kýtta þarf upp gler. Skipta þarf um vindskeiðar. Laga þarf grunn lítilega og koma fyrir dren og skolplögnum og setja upp WC.

### **Gufubað:**

Hér þarf annað hvort að afleggja, eða byggja upp á nýtt. Gufubaðskofinn er ónýtur. Ef endurbyggja á, þá þykir mér ráðlegast að nota múrstein eða steypu. Ef gufubaðið verður niðurlagt þá verður að gera yfir þrónna með steypum einingum.

**Skemma Mosfelli:**  
Hurðir lagaðar.

**Skemma Selfossi:**  
Þak málað að hluta, settur upp hitablásari á verkst. Annar tilbúinn að mestu til uppsetningar í miðrymi.

## **10. Vélar og Verkfæri**

**Jarðýta:**  
Nokkuð stór viðgerð: soðið á allar rúllur svo og á sprokkethjól og framhjól. Unnið að mestu af Friðrik.

**X-8117 Hino:**  
Fór í klössun. Hús og felgur málaðar. Skipt um legur í framhjólum. Nýir geymar. Yfirfarinn í ýmsum atriðum. Bremsur voru yfirfarnar.

**X-8044 Benz:**  
Smíðaðir bogar á plöntuflutningakassa. Keypt segl þar yfir.

**Dráttarvélar:**  
Lítið viðhald, engar stórar bilanir. Settur dráttarkrókur undir Deutch.

**Kjarr og Keðjusagir:**  
Ein keðjusög keypt á árinu: Jonsereeds.

**Önnur tæki:**  
Keypt var loftpressa á verkstæði. Polaris 400m

Listir yfir húseignir tól og tæki birt í Ársskýrslu Skógarv. 1991.

## **11. Nytjaskógar á Suðurlandi.**

Sjá skýrslu áætlanadeildar fyrir Suðurland.

## 12. Ýmislegt.

### 12.1. Skóglendi

#### 12.1.1. Haukadalur

-----

Í sumar voru fyrstu skrefin stigin til ræktunar jólatrjáa á ökrum að danskri fyrirmynd. Sett voru niður skjólbelti í gamla túnið í Haukadalskirkjunni. Ætlunin er síðan að vinna túnin í flag á næsta ári og planta í það blágreini 1994. Auðvita er þetta ekki nægilegt landsvæði fyrir jólatré, og er helst hugsað til landvinninga á túnunum framan við Haukadalsshlið, en það er í eigu jarðarinnar Laugar, sem er ríkiseign.

26. ágúst komu saman nokkrir gamlir nemendur Íþróttaskólans í Haukadalskirkjunni til þess að leggja gangstíg að brjóstmynd Sigurðar Greipssonar skólastjóra, sem er staðsett í birkiskóginum skammt innan við Haukadalsshliðið. Skógræktin hafði látið aka möl í lítið bílastæði við enda stígsins, og nemendurnir óku síðan í hjólbörum mölinni í stíginn að brjóstmyndinni. Jarðvegsdúkur var lagður undir.

Koparplata var fest við fótstall brjóstmyndarinnar. Hálfum mánuði síðar var blásið til samkomu nemenda Íþróttaskólans og platan afhjúpuð. Sonur Sigurðar skólastjóra, Már hótelhaldari á Geysi bauð síðan til kaffidrykkju á hóteli Geysi.

Talsverð umferð er af ferðafólki í Haukadalskirkjunni og er það af hinu góða. Ástæða er orðin til að merkja upp leiðir fyrir bíla, bílastæði, og gönguleiðir í skóginum. Gaman væri að útbúa náttúrustíg með stoppistöðum með upplýsingum um skóginn og tegundir þar ásamt leiðarkorti og upplýsingum um staðinn. Þetta mætti e.t.v. gera með styrk úr pokasjóði Landverndar.

Í desember kom að máli við mig Kristján Eysteinnsson frmkv.stj. þróunarverkefnis uppsveita Árnassýslu. Hugmynd hefur komið fram um að útbúa skíðasvæði í og í nágrenni Haukadals. Skógurinn og brautir í skóginum yrðu notaðar sem gönguskíðabrautir. Möguleiki fyrir svígs kíðaiðkun gæti verið í landi Helludals í Bjarnarfelli. Gistimöguleikar eru hugsaðir á ýmsum stöðum í nágrenninu.

Haukadalskirkja varð 150 ára á árinu og var messað í tilefni þess og drukkið kirkjukaffi á Hóteli Geysi.

Hluti af gömlu Haukadalsgirðingunni, sem veit að landgræðsluhólfinu, var rifinn upp (4 km). Girðingin löngu ónýtt og löngu óþörf vegna landgræðsluhólfsins austan skógargirðingarinnar, sem er friðað. Út úr þessu fengust um 500 járnstaurar.

#### 12.1.2. Þjórsárdalur.

Lítið hefur verið unnið í Þjórsárdal undanfarið 2 ár og er sár þörf orðin á að saga frá plöntum og grisja allvíða. Fljúga þarf orðið á sitkagrenni í Gullhektörum með áburð. Ársprotar þar orðnir stuttir, enda orðin 10 ár síðan síðast var flogið þar á.

Varðandi tjald og hjólhýsamál er þetta að segja: kominn er í okkar hendur skipulagstillaga að tjald og hjólhýsasvæði í Þjórsárdal, sem eftir á að gera athugasemdir við. Tillöguna unnu Þráinn Hauksson og Finnur Kristinsson.

### 12.1.3. Klaustursgirðing.

Á vegum Kirkjubæjarhrepps var unnið að lagfæringu og breytingu á göngustíg upp gegnum skógargirðinguna. Gamli stígurinn upp að Systravatni var orðinn grafinn og leiðinlegur til umferðar.

### 12.1.2 Ýmis verkefni / vinnusala.

Unnið var fyrir Fasteignir ríkisjóðs í landi Skarðs í Gnúpverjahreppi. Var þar gróðursett talsvert af lerki, eða 12,225 plöntur af rússalerki Imatra fp 35.

Unnið var fyrir Skógræktarfélag Árnesinga við gróðursetningu og girðingarviðgerðir.

Unnið var fyrir Félag Síamanna í Út-Ey i Laugardal, en þar var gróðursettar 6190 plöntur af ýmsum tegundum.

## 12.2. Ferðalög.

Var óvenjulítið á ferðinni þetta árið.

Fór nokkrar ferðir í Skarfanes til að ráðslaga með "leigutökum" okkar þar, aðalega til að reyna að sannfæra þá um að þeir væru að gera rétt í því að planta furu, en efasemdir hafa komið upp hjá sumum að þetta væri skynsamlegt. Sigurgeir Þorbjörnsson vill heldur rækta sand og hefta sandfok enn planta barrtrjám.

Varla hægt að segja að ég hafi komið í Þórsmörk í embættiserindum.

Fór í sept. til Danmerkur ásamt fleyrum i kynnisferð til Danska Heiðafélagsins að skoða skjólbelti og jólatré.

Böðvar, Björgvin og Magnea fóru kynnisferð að Vöglum og dvöldu þar í 2 daga ásamt liði frá Hallormstað. Var skógurinn og starfsemin skoðuð.

## 12.3. Vegagerð.

Tvisvar var verið við vegagerðarverkefni í Haukadal á árinu: 1. Í lok apríl fengum við vörubíl og ámokstursvél hjá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða til að hjálpa okkur við að leggja burðarlag á veg þann sem liggur upp með Laugá að austanverðu og endar við stað sem kallaður hefur verið Laugarvegur 7. Vegurinn heitir auðvita Laugarvegur.

Vegurinn er alls 1350 metra langur en borið var ofan í um 800 metra, frá upphafi hans við Laugárgryfju og inn að gryfju við Kjaftagil. Ræktunarsambandið vann þarna fyrir kr 300.000 sem var andvirði bílpalls sem þeir fengu hjá okkur í byrjun árs.



Pallurinn var ættaður af öðrum Hino bílnum sem Vegagerðin gaf okkur fyrir nokkrum árum. Verkefnið tók 7 vinnudaga.

2. - 5. október mætti viðgerðarflokkur Vegagerðarinnar í Haukadalsdal og hóf að bera ofaní veginn frá Geysisplani að Haukadalskirkju og austur að Brennigili. Skógarvörður sótti um peninga í fjallvegaskjóð og sýslusjóð til þessa verkefnis og fékkst um 500.000 kr. úr þeim. Sóknarnefnd Haukadalskirkju mætti svo með kr. 100.000 og þar með var hægt að stækka hlaðið við kirkjuna talsvert ásamt því að breikka veginn gegnum Haukadalsstúnið, þannig að hægt er að leggja bílum í vegarkantinum. Alls voru því notaðar kr.600.000 í þetta verkefni, og tók það 2 daga.

#### 12.4. Könnun á Blágrenikvæmum.

Allmikið hefur verið rætt um jólatrjáaráækt að undanfögnu. Menn eru orðnir nokkuð sammála um að ræktun jólatrjáa fari best á ökrum sem til þess eru ætlaðir, og að menn hætti því smám saman að sækja jólatrén í skógarreiti sem til annars eru ætlaðir. Eftir ferð til Danmerkur í haust styrktist ég í þessari trú.

Þegar maður stendur frammi fyrir vali á grenitegund til jólatrjáaframleiðslu staðnæmist maður við blágreni, sem virðist eina greniteg. sem hæfir til þessara hluta, bæði hvað lit, barrheldni, vaxtarhraða og vindþol varðar. Þá er komið að því að velja sér kvæmi og var í því skyni gerð ofurlítill könnun í Þjórsárdal, þar sem við höfum í einum reit, jafnaldra, 28 kvæmi af blágreni.

Könnuð voru eftirfarandi atriði: krónulag, ársvöxtur, litur, nálalengd, skemmdir og greinabygging. Hverju atriði var gefin einkunn og þannig fundið út hvaða kvæmi væri hægt að nota við jólatrjáaframleiðslu.

Niðurstaða könnunarinnar fer hér á eftir og aðeins nefnd þau kvæmi sem talin voru hæf.

**Könnun á Blágrenikvæmum til jólatrjáaframleiðslu. Reitur 2070 í Ásólfstaðafjalli í Þjórsárdal. Plantað í júní 1981. Úttekt gerð af Böðvari Guðmundssyni í ágúst 1992.**

	Plús	Mínus eink M.h	Kvæmi	Plús
Savanna Creek Alt II	Þéttvaxið, Góður litur	Full grannt.	60	1,02
Derby 7003	Allmennt sæmilegt.	Full fölt. Má laga með áburði.	58,2	1,26
Monark Pass Mon 15	Langar nálar. Litlar skemmdir Vaxtarhr.mátulegur	Full fölt.	60	1,13
Desert Mt Mon 15	Sterkar greinar Vaxtarmikið. Vel fyllt.Góðar greinar.	Full fölt.	59,2	1,30

Spanish Creek 7013	Mjög góður litur. Blátt.	Hægvaxta. Mjóar . Má nota með snyrtingu og áburði.		of fá tré.
Hallormst. B 742.	Góð fylling. Litur afbragð. Gott form.	Styrkur greina í meðallagi.	59	1,23
Wite Mountain. 7014	Gott krónulag. Langar nálar. Litlar skemmdir. Greinar sterkar.	Lítill vöxtur. Full fölt.	58,5	ekki mælt
Boreas Pass Col. 12	Góður litur. Þéttvaxið. Vel fyllt.	Nokkurt kal. Hægur vöxtur.	59,2	0,95

Einkunnagjöf 51-63 samkvæmt úttektarblaði. Aðeins tekin í uppgjör kvæmi sem hlutu 58 eða meira. 5 kvæmi koma helst til greina við ræktun jólatrjáa:

1. Monark Pass	Mon 15	60,08 í einkunn.
2. Savanna Creek	Alt 11	60,00 -
3. Desert Mount.	Mon 15	59,25 -
4. Boreas Pass	Col 12	59,23
5. Hallormstaður	B 742	59,00

Þessi 5 kvæmi þyrfti að mæla og meta betur en þessi könnun gerði. Einnig þyrfti að skoða þau ef þau eru til víða á landinu. Mörg kvæmi sem eru í ræktun í landinu komu ekki inn í þessa könnun þar sem þau eru ekki til staðar í Þjórsárdal. Má þar nefna kvæmi eins og : Rio Grande, Higwood Summit (sem er að öllum líkindum lélegt) og fleiri.

Í viðauka nr 1 og 2 við ársskýrslu þessa er annars vegar eyðublað það sem notað var við úttektina og hins vegar skrá yfir þau kvæmi sem er að finna í Reit 2070, svo sjá megi hvaða kvæmi það eru sem ekki henta til jólatrjáa.

13. janúar 1993



Böðvar Guðmundsson.

Könnun á hæfni Blágrænis til Jólatrjáaframlöislu.

Kvæmi Blágrænis *Swanna Creek* DTI Gr.seth. ár.....

Reitur nr..... Staður.....

Könnun gerð: Dags: ...../.....19.. Áburðargjöf ár.....

Gróskuflokkur: Graslendi....., Blómlendi....., Lynglendi...  
Þursaskeggsmór....., Framr.Mýri góð....., Framr.Mýri léleg....

-Skermur: Þéttur skermur....., Gisinn skermur.....

-Skjól: Skylt....., Óskylt....

Kránlag	tré													
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14
1. Mjótt							x	x	x	x				
2. Breitt						x					x			
3. Meðal	x	x	x											
<u>Ársvöxtur</u>														
4. Litill			x			x						x		
5. Meðal		x					x	x	x	x				
6. Mikill	x													
<u>Litur</u>														
7. Fölur														
8. Grænn	x	x						x						
9. Dökk grænn			x				x	x		x	x	x		
<u>Nálgengd</u>														
10. Stuttar							x	x						
11. Meðal	x	x	x			x			x	x	x			
12. Langar														

Skemmdir (Kal, Tvitoppar, Annaó.)

13. Miklar														
14. Talsverðar														
15. Litlar	0	0	0			0	TK	0	0	0	TK			

Greinaþygingar:

16. Veikyggðar:														
17. M.sterkar:							x							
18. Sterklegar:	x	x	x			x	x		x	x	x			

HAFD = 1.3 1.2 0.9 0.9 0.9 0.9 1.2 1.0

Stigagjöf 51 - 63.  
Kvæmi sem fær 51 stig er: með mjótt krónulag, litinn ársvöxt, hefur fölan lit, stuttar nálar og er skemmt á einhvern hátt.  
Kvæmi sem fær 63 stig er: fullkomið jólatré. Það er með meðalbreiða krónu, með mikinn ársvöxt, dökkgrænt á lit, með langar nálar og litlar skemmdir.

Miðað er við að skoðaðir séu reitir sem hafa fengið áburðargjöf á síðustu 3 árum.

Einkunn:

MH. 1,02  
MEI 60

Full Grammatik - Þetta er blóm - þetta er blóm - þetta er blóm  
 Full Grammatik - þetta er blóm - þetta er blóm - þetta er blóm  
 Full Grammatik - þetta er blóm - þetta er blóm - þetta er blóm

bl. 60.60 60 1.01.58.57 1.60.60.60

Staður: LEYTI Þjórsárdalur.

Flötur nr.: R 2070.

bl. I.

Ár	Dag.	Verk	Texti	Fjöldi.	auk. nr.	
1981	3-18/6	Göfuefning. runna 1974.	Fool Creek	COL 11.	183	1-2 og 53-54
			Baldy Mountain	BC 18	72	3-4
			Deer Mountain	MON 15	587	5-6
			Spanish Creek	FO 13	129	7-8
			Paintoock	FO 07	225	9-10
			White Mountain	FO 14	25	11-12
			Mokasch Pass	FO 11	114	13-14
			Quest	BC 15	8	15
			Mammoth Ridge	MON 10	12	16
			Junior Point	WAS 11	77	17
			Golden	BC 13	140	18
			Newman Ridge	MON 2	86	19-20
			McKenzie Pass	ORE 1	218	21-22
			Elpoco Creek	ALT 6	308	23-24
			West Louis Creele	<del>ALT</del> COL 3	486	25-26
			Paker	BC 10	260	27-28
			Hills Creek	ALT 4	203	29-30

HÓLAR HF.

Staður:

Flötur nr.:

Ár	Dag.	Verk	Texti	Fjöldi.		
			Boreas Pass	COL 12	453	31-32
			Lily Lane	ID 11	180	33-34
			Deeby	FO 03	37	35-36
			CORNWALL	BC 6	455	37-38
			Highwood Summit Pass	ALT 7	200	39-40
			STANLEY	FO 04	72	41-42
			Beaver	FO 05	178	43-44
			POINT SIX	MON 6	138	45-46
			PEYTO LAKE	ALT 11	537	47-48
			Hallowmstaflue	B 742	124	49-50
			SARANNA CREEK	ALT 11	478	51-52
			FERMONT PASS	COL 15	135	55-56
					6.120 pl.	

HÓLAR HF.